

Reykjavík 1.júlí 2020

Ábendingar Íbúaráðs miðborgar og hlíða varðandi forgangsröðun fjárfestinga og viðhaldsáætlun og erindi varðandi framtíðarfyrirkomulag á aðkomu íbúaráðana.

Íbúaráðið tekur undir erindi frá formönnum íbúaráða í Reykjavík sem sent var á formann Umhverfis og skipulagsráðs, sviðsstjóra Umhverfis og skipulagssviðs, skrifstofustjóra eignaskrifstofu, skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds og stýrihóp um innleiðingu íbúaráða,

Erindið var svohljóðandi

„Formenn íbúaráða Reykjavíkurborgar fagna kynningu á fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2020-2025 og möguleika til þess að hafa áhrif á hana. Formenn telja þó allir að kynningin hafi verið of almenn og hvorki hugsuð né skipulögð með hag hverfanna og íbúaráðanna í huga. Sértek kynning á framkvæmdum í hverju hverfi eða borgarhluta hefði verið gagnlegri. Mikilvægt er að setja upplýsingar fram á aðgengilegan og skýran máta og tryggja aðgengi allra fulltrúa í íbúaráðunum að upplýsingum. Við óskum eftir því við skrifstofu Eigna og atvinnuþróunnar að þróa kynningarnar áfram með hvern borgarhluta í huga, þannig að þær nýtist betur íbúaráðunum og íbúum hverfanna og að á næsta ári verði framsetning með öðrum hætti en núna.”

Íbúaráð miðborgar og hlíða óskar eftir að á næsta ári, 2021, verði útbúin sértæk kynning á framkvæmdum og viðhaldi fyrir hvert hverfi fyrir sig og þá séu tvær kynningar fyrir okkar hverfi miðborg annars vegar og hlíðar hins vegar. Gott væri að hefja slíka vinnu strax í janúar 2021 og íbúaráðin fái aðkomu að því í byrjun árs 2021. Borgin hefur vettvang fyrir íbúa til þess að koma sínum málum á framfæri í gegnum Betri hverfi og Betri Reykjavík og í gegnum ábendingagátt. Íbúaráðið óskar eftir því að það verði kannað hver sé besta leiðin fyrir íbúa til að koma sínum skoðunum á framfæri varðandi forgangsröðun í hverfinu bæði hvað varðar fjárfestingar, nýframkvæmdir og viðhald. Er tam. hægt að safna miðlægt saman því sem íbúar senda inn í þessar gáttir (Betri Reykjavík, Betri hverfi og ábendingagátt) og sjá þar áherslurnar.

Einnig er til mikið af gögnum í tengslum við Hverfisskipulagsvinnuna sem gæti nýst í þessu samhengi í þeim hverfum þar sem sú vinna hefur verið unnin.

Íbúaráð miðborgar og hlíða óskar eftir að eftirfarandi áhersluatriði verði til grundvallar forgangsröðun á fjárfestingu og viðhaldi í hverfunum í næstu fjárhagsáætlun. Íbúaráðið óskar jafnframt eftir að fá á sitt borð tillögur frá sviðunum um viðhald og fjárfestingar í hverfunum.

AÐGENGI, BÖRN OG UNGMENNI, ÖRYGGI OG LÝÐHEILSA. Þessi forgangsatríði fléttast saman að öllu leyti. En við reynum að draga fram það helsta varðandi hvern þátt.

Aðgengi og algild hönnun.

Bætt aðgengi fyrir fólk með ólíka hreyfifærni.

- *Innandyra í byggingum og stofnunum borgarinnar í hverfunum*
- *Utandyra í borgarumhverfinu*
- *Á milli hverfishluta og að og innan útivistarsvæða*

Ef hverfi eru hönnuð og haldið við eftir hugmyndafræði um algilda hönnun þá tryggjum við það að hverfin séu fyrir allt fólk óháð færni og aldri. Þá henta þau börnum jafnt sem eldri borgurum, gangandi jafnt sem notendum hjólastóla og fólk kemst greiðlega um með barn í vagni. Ergo: Betri hverfi fyrir öll.

Hverfin okkar 101 og 105 eru ein elstu hverfin í borginni. Við óskum eftir því að það verði sett í forgang í öllu viðhaldi og fjárfestingum að bæta aðgengi sjónskertra og hreyfihamlaðra innan og utandyra í hverfinu. Hvort sem það eru stígar, götupveranir/umferðaljós, gangstéttabrunir, aðgengi í byggingum í hverfinu tam. aðgengi í og um skólabyggingar og á milli hverfishluta og að og um útivistar og leiksvæði. Framhjá framkvæmdasvæðum þar sem aðgengi er oft slæmt á meðan að á framkvæmdum stendur og þegar færð er slæm vegna ofankomu að leiðir séu ruddar með áherslu á aðgengi um göngustíga og að almenningssamgöngum. Slíkar áherslur munu nýtast öllum íbúum hverfisins.

Sérstaklega má nefna aðgengi að útivistarperlum í nágrenni hverfana tam. að Öskjuhlíð og Nauthólsvík en góðar aðgengilegar og öruggar tengingar vantar á milli bæði miðborgar og hlíða við þessi svæði sem og aðgengi að strandlengjunni norðan við miðborgina. Einnig þarf að vera aðgengi um útivistarsvæðin tam. vantar aðgengi frá heitum potti í Nauthólsvík og niður að sjó fyrir fólk sem notar hjólastól. Sömuleiðis er brýnt að tryggja aðgengi í byggingum líkt og hverfisskólana, þar þurfa börn, starfsfólk og aðstandendur barna að komast um. Sem dæmi um byggingu sem er með öllu óaðgengileg er Austurbæjarskóli, úr því þarf að bæta.

Börn og ungmenni

Annað forgangsatriði eru börn og ungmenni í hverfinu.

- *Öruggar leiðir gangandi og hjólandi barna til og frá skóla og frístundum*
- *Fjölbreytt leiksvæði fyrir börn og ungmenni á öllum aldri.*
- *Fjölbreyttar og skemmtilegar skólalóðir fyrir 6 - 16 ára og útikennslustofur*
- *Gott og hentugt húsnæði fyrir frístundastarf og félagsmiðstöðvar í öllum skólum*
- *Græn svæði/ dvalarsvæði.*

Hverfi sem er gott fyrir börn er gott hverfi. Við óskum eftir því að umhverfi barna og ungmenna í hverfinu sé einnig sett í forgang, þau þurfa að geta ferðast örugg um hverfið til skóla og frístunda, gangandi og hjólandi. Það þurfa að vera leiksvæði sem henta börnum á öllum aldri og leiksvæðin þurfa að vera með ólíkar áherslur og hvetja til hreyfingar og leikja barna með ólík áhugasvið. Ákveðin vöntun er á leiksvæðum fyrir börn á miðstigi og eldri og mætti leggja áherslu á það. Sem dæmi má nefna klifurveggi, hjólabretta og hlaupahjóra völl, hjólabrautir, parkour og vindbelg. Huga þarf að svæðum sem eru opin og bjóða uppá skapandi sjálfsprottinn leik með efnivið

sem er árstíðabundin sem og útikennslustofur en þær ættu að vera á grænum svæðum í hverfunum. Tryggja þarf að við hvern skóla í hverfunum sé viðunandi húsnæði fyrir frístundastarf og félagsmiðstöðvar.

Athuga sérstaklega tækifæri sem verða við flutning Mennta og vísindasviðs af holtinu við Háteigsskóla og möguleika til þess að stækka skólalóðina við skólann og bæta aðstöðu.

Öryggi

- Öryggi gangandi og hjólandi barna og ungmenna til og frá leikskóla, skóla og frístundum í hverfunum
- Öryggi gangandi og hjólandi í kringum leik- og grunnskóla í hverfunum
- Öryggi gangandi og hjólandi á milli hverfahluta og á útivistarsvæði
- Betri lýsing á leik og dvalarsvæðum og almenningsrýmum.
- Draga úr hraða ökutækja inni í hverfinu og í gegnum hverfið með öllum tiltækum ráðum

Nauðsynlegt er að fara í áframhaldandi aðgerðir sem varða umferð ökutækja í Miðborg og Hlíðum og úrbætur á stærstu umferðaræðum í hverfinu. Aðgerðirnar þurfa að stuðla að bættri lýðheilsu og þurfa sérstaklega að horfa til öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda, öryggi við skólastofnanir, betri loftgæðum og bættri hljóðvist. Við óskum eftir því að farið verði í að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í hverfinu og þar má setja börn og ungmenni í forgang. Tam. að öryggi barna á leið til skóla og frístundir sé rýnt og bætt þar sem þarf m.t.t. umferðar ökutækja, lýsingar, götupverana og umferðar almenningsgangna (strætó keyrir oft ansi greitt í þröngum götum og framhá skólum) Farið verði í markvissar aðgerðir til að sporna við hraða í gegnum hverfið og inni í hverfinu.

Fara markvisst í að breyta götum sem hafa á sér yfirbragð hraðbrauta þannig að bifreiðar séu ekki í forgangi heldur gangandi og hjólandi. Sem dæmi má nefna Snorrabraut, Barónstíg. Eiríksgötu og Njarðargötu en tryggja þarf örugga umferð skólabarna yfir þessar götur. Þung umferð er um Snorrabraut og mikil umferð áætlunarbifreiða í kringum Hallgrímskirkju en mörg skólabörn eiga erindi yfir holtið. Þá þarf að huga að stoppistöðum fyrir ferðamannaumferð á Skólavörðuholti svo sú bráðabirgðalausn sem hefur gilt fram að þessu verði ekki viðvarandi. Að öðrum kosti þarf að leita annara lausna takmarka verulega umferð stórra bifreiða yfir Skólavörðuholt..

Einnig þarf að bæta aðgengi og öryggismál við Sæbraut en útivist hefur aukist til mikilla muna við norðan verða strandlengjuna frá Hörpu að Laugarnesi.

Mikilvægt er að halda áfram með Miklubraut og bæta hljóðvist og loftgæði á kaflanum frá Stakkahlíð að Lönguhlíð í samræmi við kaflann frá Lönguhlíð að Snorrabraut.

Bústaðavegur klýfur Suðurhlíðar frá Hlíðahverfi. Byggð er lengra frá en við Miklubraut, en er ekki síður hröð og þ.a.l. skapar hún mikinn hávaða sem draga þarf úr fyrir íbúa. Þar sem Öskjuhlíðin er náttúrulegt útivistarsvæði hverfisins, þá er

aðgangur að henni úr öðrum hlutum hverfisins mikilvægur. Stokkur undir núverandi Miklubraut allt frá Kringlu og að Snorrabraut er í núverandi Aðalskipulagi og er það í samræmi við niðurstöðu íbúasamráðs frá árinu 2009 og endurtekens samráðs í tengslum við vinnu við HverfisSKIPulag árið 2018.

Lýðheilsa

- Möguleiki á sálfræðilegri endurheimt, græn svæði og gróður
- Útikennslustofur
- Íþróttaiðkun og möguleikar á hreyfingu utandyra - Fyrir fólk á ólíkum aldri með ólíka hæfni
- Klára framkvæmdir við Sundhöllina
- Rýna sérstaklega möguleika eldra fólks til að hreyfa sig í hverfinu. Tryggt að þau geti farið leiðar sinnar úti þrátt fyrir veður
- Aukið frístundaframboð með samstarfi skóla
- Áframhaldandi þróun samfélagsmiðstöðva í báðum hverfum
 - Betri loftgæði.
- Betri hljóðvist

Allt sem á undan er upptalið tengist lýðheilsu. Í hverfunum þarf sérstaklega að gæta að möguleikum allra til að nærja sig á sál og líkama því þarf að standa vörð um græn svæð og bæta við þau sem og svalarsvæði í hverfunum. Einnig má auka gróðu við götur. Góð aðstaða þarf að vera fyrir fólk á öllum aldri til að hreyfa sig. Mikilvægt er að ljúka endurbótum við Sundhöllina sem fyrst enda er hún mikilvæg heilsumiðstöð í hverfunum báðum og tryggja aðgengi og notkun gesta á öllum aldri. Að ljúka við endurnýjun gamla kvennaklefans er að auki jafnréttismál og verndun byggingaarfs. Að fara í sundlaugar er oft eina líkamsrækt eldra fólks og ferðamenn sækja einnig í auknum mæli í Sundhöllina. Sundlaugin er einstakt mannvirki og eina íþróttamannvirkið í miðborg Reykjavíkur enda þjónar hún fjölda grunnskóla. Það er því nokkuð ljóst að aðsókn á bara eftir að aukast á næstu árum og veitir því ekki af að bæta búningsaðstöðuna. Skoða mætti að greiða aðgengi á milli nýju búningsklefa kvk. og innilaugar og gera innangengt og sömuleiðis frá kk klefum í útilaug. Halda þarf áfram að þróa Samfélagsmiðstöðvar í báðum hverfum þannig að þær nýtist íbúum hverfisins sem best.

Leggja þarf áherslu á að bæta loftgæði í allri borginni en mengun verður töluverð í miðborg og hlíðum þegar loftgæði eru slæm og því skiptir miklu máli að bæta göngu og hjólaleiðir og setja gangandi og hjólandi í forgang til að sporna við mengandi umferð. Loftmengun fylgir umferð bifreiða sem fara með ferðamenn og stöðva á og í kring um Skólavörðuholt en þar eru 2 leikskólar og grunnskóli hverfisins. Einkum á þetta við um leikskólann Grænuþorg við Eiríksgötu en rútur stöðva gjarnan fyrir framan hann og þar sem stoppistöðvar eru ófullkomnar, úti á bílastæði Hallgrímskirkju, þá eru bifreiðar gjarnan í gangi meðan farþegum er hleypt út og inn.

Finna þarf varanlega lausn á þessum vanda eða flytja þessar stoppistöðvar lengra í burtu.

Eftirfarandi listi yfir ábendingar er ekki tæmandi og ítrekar íbúaráð miðborgar og hlíða ósk sína um að fá til umfjöllunar þær framkvæmdir er varða viðhald og fjárfestingar í hverfunum báðum og að í upphafi árs 2021 verði útbúin sértæk kynning á framkvæmdum og viðhaldi fyrir hvert hverfi fyrir sig og þá séu tvær kynningar fyrir okkar hverfi miðborg annars vegar og hlíðar hins vegar. Gott væri að hefja slíka vinnu strax í janúar 2021 og íbúaráðin fái aðkomu að því í byrjun árs 2021.